

008863

Samþykkt í skipulags- og
umhverfisnefnd
21.7.2021

BYGGINGARLÝSING:

Bakkabyggð nr. 2, Fjallabyggð (Ólafsfirði), staðgreinir 6250-3-, landnr. 226058. Húsið er einbýlishús á einni hæð, byggt á staðnum, með innbyggðum bílskúr byggt úr timbri. Undirstaða og sökkjar hússins eru steinsteyptir niður á fastan og óhreyfðan jarðveg eða fullþjappaða fyllingu, einangraðir með 75mm frauðplasteinangrun/steinull 500mm niður á sökkja. Undir steyptri gólfplötu er einangrað með 100mm frauðplasti/steinull

Sökkjar, gólfplata eru staðsteypt með járnþentri steinsteyptu en útveggir úr 45x145 timburstöðum. Grind í útvegg er einangruð með 150 mm steinull. Utan á útveggi kemur krossviður, vindpappi, 22mm (lámark) loftbil og að lokum klætt að utan með grárrí alklaeningu og brúnu larki á völdum stöðum. Að innan 34mm rafmagnsgrind og að lokum klætt yfir með tvöföldum 13 mm gipsplötum.

Þak er með hefðbundnum sperrum 45x245mm, einangrað með 220mm þakull með vindpappa. Fyrir loftun þaks, skal loftunarpinn og út úr hverju sperrubili vera minnst 1.000 mm² fyrir hvern m² þakflatar. Loftun þaks er 25mm yfir vindpappa á ull.

Ofan á sperrur er heilklætt með 25x150 mm borðaviði/krossviði og þar ofan á kemur svartur PVC dúkur eða tvöfalt pappalag.

Undir þaksperrur kemur 34-45mm lagnagrind og að lokum 13mm gífsklæðning.

Gluggar og útihurðir eru úr timbri með tvöföldu argonfylltu gleri, U-gildi 1.3. Gólfsiðir gluggar eru með hert- eða öryggisgleri. Bréfalúga í útihurð skal vera a.m.k 25x260mm staðsett skv. reglugerð.

Í íbúð komi reykskynjarar, slökkvitæki (6kg duftæki), lyfjaskápur og eldvarnarteppi í eldhús. Úr öllum svefnherbergjum eru björgunarpönn, út um hurð á hjónaherbergi og glugga á herbergjum (820x600, 820x900mm miðað við ljósop). Samlímt öryggisgler er í öllum gólfsiðum gluggum.

Tekið er mið af algildri hönnun varðandi umferðarleiðir innan íbúðar. Umferðarbreidd allra inngangsdýra skal vera minnst 0,83m og samsvarandi hæð minnst 2,07m (svaladyr breidd minnst 0,8m og hæð minnst 2,0m). Þröskuldur við inngangs/útidyr og svala- og garðdyr skal ekki vera hærrí en 25mm (bæði inni og úti). Dyr innan húss skulu hafa hindrunarlausa umferðarbreidd ekki minni en 0,8m og samsvarandi hæð minnst 2,0m.

Loftrásir með víftu komi úr öllum lokuðum rýmum og einnig votrymum. Að öðru leiti er húsið loftræst um opnanlega glugga. Íbúð er hituð með heitu vatni, með gólfhitatögn og hefðbundnu ofnakerfi.

Frárennslislagirnir eru pvc plaströr í grunni og undir botnplötu, en plaströr vel vafin og einangruð í veggjum. Í öllum votrymum og bílskúr er niðurfall.

Miðstöðvar- og neysluvatnslagnir eru hefðbundnar. Stálror lögð í vegg og klætt yfir. Allar lagnir eru vafðar og einangraðar. Farið skal eftir stöðlum og fyrirætlum Orkuveitu varðandi inntök o.fl. er við á.

Ef heitur pottur skal vera með læsanlegu loki (gr.12.10.4). Barmur á heitum potti skal vera a.m.k. 0,4m yfir göngusvæði umhverfis hann. Hitastig neysluvatns á töppunarstað skal ekki vera hærrí en 60°C.

Léttir innveggir eru úr timburstöðum sem klæddar eru með 2x tvöföldu lagi af gífsplötum með 70mm steinull. Bílskúr eru sérstakt brunahólf, veggur milli bílskúrs og íbúðar er EI60 veggur og hurðir frá íbúð og inn í bílgeymslu er EI60. Brunaveggur nær upp í neðri brún þakklæðingar og er úr 45 x 125mm timburstöðum, einangrað með 120mm þéttull (steinull), klæddur með tvöföldu gipsi sitthvoru megin þ.a. hann uppfylli brunakröfu EI60. Eldvarnar kítta er sett í kverkar veggjar og lofts. Allar klæðning inni í bílskúr, veggir og þak eru í flokki 1. Veggir og loft inn í íbúð eru í flokki 1 og 2. Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum inni á lóð. Sorpskýli er fyrir tvær tunnur á lóð m.v. stærð íláts sé 0,8x0,8m og frí hæð 1,4m. Sorplát skal skerma af með steypu/timbur sorpgerði. Lóð á lóðamörkum skal gerð í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.


Hámarks kólnunartölur einstakra byggingarluta skulu vera eftirfarandi:

Útveggir : 0,30 W/m²°C
Þak : 0,20 "
Gólf á fyllingu : 0,22 "
Gluggar, vegið meðaltal karma og glers : 1,70 "


SJÁ EINNIG TEIKNINGU NR. A03

Pam gildi rakasperru sé a.m.k 500

Pam gildi vindvarnalaus sé ekki meira en 20



AFSTÖÐUMYND KV. 1:500



SNIÐ B KVARDI 1:100

Skýringar

- GN = Gólfniðurfall
LR = Loftræsting
BO = Björgunarpönn
SL = Handslökkvitæki
PK = Póstkassar
BN = Þakniðurfall
R = Reykskynjari
NL = Neyðarljós

→ Út = Merktur útgangur

BSL = Brunaslanga

! = Stjórnstöð "Brunaviðvörðunarkerfi"

01.01 = Rýmisnúmer

♿ = Bílastæði fyrir fatlaða

Inntök = Inntök veitna

□ = Fellistigi

◡ = Reyklosun

Brunatákn

- EI60 = Veggir
EI90
A-EI60
A-EI120
REI60
REI120
A-REIM120
A-REI90 = Hæðaskil
E-CS30 = Hurðir
EI-CS30
EI-CS60
E30 = Gluggar

Breyt.	Dags.	Skýring	Umh.

VK Verkfræðistofa ehf

Suðurlandsbraut 46, 108 Rvík.
Sími 821-4922
verk@intermet.is
kt. 700501-2640

Bakkabyggð 2 Fjallabyggð (Ólafsfirði)

Afstöðumynd, snið og byggingarlýsing

Hönnunastj.	Útgáfa:
Verknr. Hönnun: KMB	Dags: 15. júlí 2021
Teiknað: BMS Yfirfarið: KMB	Kvarði: 1:100
Samþykkt: Kristinn Már Þorsteinsson kt. 130257-2409	Bláð: A02

Undirskrift: *KMB*